



Seyrustjórn

1. fundur nýkjörinnar seyrustjórnar var haldinn í Huppusalnum Félagsheimilinu Flúðum, Hrunamannahreppi, þriðjudaginn 1. febrúar 2022 kl. 15:15.

Fundinn sátu:

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Ásta Berghildur Ólafsdóttir, oddviti Ásahrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti Hrunamannahrepps

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Sylvía Karen Heimisdóttir, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, þjónustufulltrúi seyruverkefnisins

Hannibal Kjartansson, veitustjóri Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Kosning formanns og ritara.

Fundarmenn voru boðnir velkomnir af Jóni G. Valgeirssyni sveitarstjóra Hrunamannahrepps sem haldið hefur utan um verkefnið og síðan var gengið til kosninga um formann og ritara.

Formaður seyrustjórnar út kjörtímabilið 2018 – 2022 er Helgi Kjartansson.

Ritari seyrustjórnar út kjörtímabilið 2018 – 2022 er Ása Valdís Árnadóttir.

Helgi Kjartansson tók við fundarstjórn.

2. Drög að uppgjöri 2021.

Farið yfir lokauppgjör á Seyrustöðum, fjárfestingu, hreinsibifreið og þjónustufulltrúanum. Reksturinn er kominn í rútínu og gengur vel. Verkefnið fékk inn tekjur árið 2021 bæði með styrkjum og móttökusamningum við önnur sveitarfélög. Lokauppgjörið var staðfest af stjórn og fylgir með fundargerð.

Kostnaðurinn í verkefninu mun þó að öllum líkindum aukast aðeins í ár þar sem aðföng og ýmis annar kostnaður er að hækka talsvert í innkaupum.

Ræddar voru fjárhagsáætlanir og möguleikann á að gera 3 eða 5 ára áætlunin fyrir verkefnið í formi fjárfestingar og verkefna.

3. Starfsmannamál.

Fyrir liggur að breytingar verða á starfsmannamálum á næstunni. Annars vegar verður aðalbilstjórnin á hreinsibifreiðinni ekki á bilnum næsta sumar og hins vegar mun Áslaug Alda þjónustufulltrúi seyruverkefnisins fara í fæðingarorlof næsta sumar. Ræddir möguleikar á hvernig hægt sé að manna störf. Liggur fyrir að auglýsa þarf eftir einstaklingi til að vera aðalbilstjórnin á hreinsibifreiðinni.

Áslaug Alda steig mikið inn sem aukamaður á seyrubilnum í sumar í afleysingum og var henni þakkað fyrir það.



HRUNAMANNAREPPUR

GRÍMSNES- OG
GRAFINGSREPPURSKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPUR

FLÓAREPPUR



BLÁSKÓGABYGGÐ



ÁSAREPPUR

Seyrustjórn

4. Samningar við verktaka.

Gerðir hafa verið samningar til styttri tíma við verktaka um hreinsun seyru.

Árin eru mismunandi með mis mörgum hreinsuðum rotþróm en fyrir liggur að ekki náðist að hreinsa allt svæðið sem hreinsa átti á síðasta ári. Sumarið 2021 var að mörgu leiti erfitt vegna skipulagningar verktaka, covid áhrifa, bilunar í hreinsibifreiðum, starfsmannaveltu ásamt því að skráningu á hreinsun í kerfinu map.is/seyra var ábótavant.

Rotþrær sem ekki náðist að fara að hreinsa árið 2021: 179 stk. Þar af 109 í Bláskógabyggð, 46 í GOGG og 24 í Hrunamannahrepp.

Formanni og Jón Valgeirssyni falið að ræða við verktakann um samning fyrir næsta sumar.

5. Starfið næsta sumar.

Stjórn samþykkir að þjónustufulltrúi skoði áhersluverkefni með byggingarfulltrúa, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Sudurlands um að fækka tunnurotþróm.

6. Framkvæmdir og viðhald.

Fyrir liggur að viðhald verður á heinsibifreið vegna bilunar í glussadælu og fleira tilfallandi. Rætt var um að gott væri að huga að því að að steypa allt gólfíð þannig að það verði auðveldara fyrir starfsmenn að halda svæðinu hreinu en fyrirhugað er í ár að malbika fyrir framan útidyr Jón og Hannibal skoða nánari útfærslu.

Talsvert mikið magn af aðskotaefni hefur verið að koma með seyrunni undanfarin ár en hefur þó farið minkandi og er núna um 0,1% af seyrunni. Rædd var hugmynd sem Hannibal hefur um að þróa búnað til að hreinsa seyruna þ.e. ná tuskum og aðskotahlutum úr þannig að auðveldara verði að vinna með seyruna. Þá var einnig rætt um möguleika þess að vinna vetrarsvæði til að afsetja seyru en það er mikill þrýstingur á að hægt verði að verka seyru að vetrarlagi og mun Hannibal vera í sambandi við Heilbrigðiseftirlitið út af því.

Seyrustaðir geta tekið við miklu meira magni af seyru og eru það spennandi möguleikar til að horfa á til framtíðar.

7. Önnur mál.

Rætt um samræmingu milli sveitarfélaga m.a. í tengslum við innheimtu, gjaldskrá og viðbrögð við kvörtunum.

Skoða þarf nýjar hreinsistöðvar sem eru að koma í notkun í sveitarfélögunum, hvernig á að innheimta vegna þeirra og mögulega skrá þær sérstaklega í gagnagrunna.

Rætt um að næsti fundur yrði haldinn fljótlega aftur.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00.